

# Fundargerð 34. fundar

Ungmennaráð 4. desember 2015

Föstudaginn 4. desember 2015 kl. 20:00 kom ungmennaráð til fundar í fundarsal Íþróttamiðstöðvarinnar.

## Fundinn sátu:

Ragnar Óskarsson, Sandra Dís Jóhannesdóttir, Adam Freyr Gunnarsson og Sandra Dögg Þrastardóttir.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður ráðsins.

**Fundargerð ritaði:** Valur Rafn Halldórsson

### 1. Íþrótt- og æskulýðsmál í sveitarfélaginu.

Ragnar Matthías Sigurðsson, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi sveitarfélagsins kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir málaflöknum og þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á næstu árum.

### 2. Jólaviðburður ungmennaráðs

Rætt um hvort ungmennaráð ætti að halda jólaviðburð líkt og seinustu ár.

*Samþykkt að halda jólaviðburð ungmennaráðs þriðjudaginn 15. desember í ráðhúsinu. Starfsmanni falið að panta húsið og fulltrúar í ungmennaráði munu sjá um að auglýsa viðburðinn á samfélagsmiðlum.*

Fundi slitið kl. 20:50